

son sæti 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð og ákærða Guðný Gísladóttir 6 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Af sakarkostnaðinum í héraði öðrum en varðhaldskostnaði Guðnýjar Gísladóttur, er hún greiðir, greiði ákærði Einar Jónsson $\frac{2}{3}$ hluta og ákærða Guðný Gísladóttir $\frac{1}{3}$. Hin ákærðu Einar Jónsson og Guðný Gísladóttir greiði og í sama hlutfalli ($\frac{2}{3}$ og $\frac{1}{3}$) allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmanns Eggerts Claesen, 20 kr. Enn fremur greiði ákærði Einar Jónsson málfutningskaup talsmanns síns fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar, 20 kr. og ákærða Guðný Gísladóttir greiði málfutningskaup talsmanns síns yfirréttarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar, 20 kr.

Dóminum skal fullnæja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. sept. 1918.

Nr. 34/1918.

Björn Gíslason

gegn

Eggert Briem yfirdómara.

D ó m u r :

Það athugast að stefndi hefir gefið út stefnu á ndur sjálfum sér í máli þessu eftir beiðni áfrýj-

anda. Þar sem enginn ágreiningur hefir orðið um stefnuna að neinu leyti milli málsaðilja og þeir hafa báðir mætt fyrir yfirdómi án þess að hreyfa neinum athugasemdum út af þessu, þykir eigi næg ástæða til þess að vísa málinu frá dómi *ex officio* af þessum sökum.

Í forsendum að dómi landsyfirréttar, uppkveðnum 13. ágúst 1917, er meðal annars komist svo að orði: »tók Björn Gíslason (s: áfrýjandi þessa máls) frá Stokkseyri við bréfinu og fór með það til Reykjavíkur.« »Lét Björn Gíslason þá taka vélritað afrit af bréfinu og fóra þeir síðan báðir Björn og,« »Fóru þeir Björn Gíslason og stefnandi síðan með bréfið til hreppstjórans í Gaulverjabæjarhreppi og fengu hann, sem þó ekki hafði verið viðstaddur undirskriftir ábyrgðarmannanna, til að votta að þær væru réttar,« »og Björn Gíslason síðar lét vélrita, hefir bréf þetta ekki komið fram við réttarrannsóknina, en virðist hafa glatast úr vörzlu Björns Gíslasonar« og ennfremur: »og loksins fékk hann hlutaðeigandi hreppstjóra til að rita rangt vottorð á síðara bréfið.« Mál það, er nefndur landsyfirrétardómur var uppkveðinn í, var höfðað af óstefndum þriðja manni á hendur ráðherra Íslands f. h. landssjóðs til skaðabóta samkvæmt lögum nr. 28, 26. okt. 1893 um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. Hafði stefnandi þess máls verið sakaður um skjalfals eða þátttöku í því og verið úrskurðaður í sakamálsrannsókn út af því í gæzluvarðhald.

Í áðurnefndum ummælum í forsendum að dómi yfirréttarins 13. ágúst 1917 er lýst afskiftum áfrýj-

anda af skjali því, er sakamálsrannsóknin var út af risin, ásamt stefnanda umgetins skaðabótamáls, eins og hinn síðarnefndi er talinn hafa skýrt frá í réttarrannsókninni. Taldi áfrýjandi sum greindra ummæla í forsendum landsyfirréttdómsins 13. ágúst 1917 ærumeiðandi fyrir sig og ennfremur óheimilt að nefna nafn óstefnds þriðja manns í dómi.

Höfðaði hann þá mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur stefnda, Eggerts yfirdómara Briem, er tekið hafði þátt í uppkvaðningu oftnefnds dóms, með stefnu dags. 25 sept f. ár, og krafðist þess að áðurnefnd ummæli yrði, að því leyti sem þau næði til áfrýjanda, dæmd dauð og ómerk, að stefndi yrði dæmdur til að líða hegningu fyrir þau, embættismissi eða sekt og loks að stefndi yrði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Með dómi upp kveðnum 10. jan. þ. á. var máli þessu ráðið svo til lykta á bæjarþinginu, að málinu var vísað frá dómi ex officio, og áfrýjandi dæmdur til að greiða 8 kr. sekt fyrir óþarfa þrætu, 50 kr. sekt, er renna skyldi að hálfu í landssjóð og að að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur, fyrir ósæmilegan rithátt í sóknarskjölum sínum, og loks til að greiða stefnda 30 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. júní þ. á. og gert þær réttarkröfur, að bæjarþingsdóminum verði, með eða án heimvísunar breytt og hrundið þannig, að allar kröfur hans fyrir undirdómi verði teknar til greina, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefir krafist þess að varadómari Einar prófessor Arnórsson, er samkvæmt lögum nr. 31, 2. nóv. 1914, hefir tekið sæti í yfirdóminum í máli þessu, viki úr dómarsæti í því, af því að hann verði að teljast »opinber óvildarmaður« áfrýjanda, og telur nægilegt í því tilliti »að geta þess að ég (ó: áfrýjandi) nú um tveggja ára skeið hef legið undir sakamálsrannsókn eftir kæru frá honum« (ó: varadómaranum). Varadómariinn hefir þau ein afskifti haft af áfrýjanda, að hann hefir sem ráðherra Íslands f. h. landssjóðs látið ágreining milli áfrýjanda og hins opinbera út af ábúðarrétti, er áfrýjandi taldi sig hafa á einni af kirkjujörðum landsins, svo og kröfu áfrýjanda til eignarréttar að mannvirkjum á þeirri jörð og kröfu hans til leigu eftir þau, sæta úrlausn dómstólanna. Varadómariinn hefir alls eigi kært áfrýjanda til sakamálsrannsóknar, heldur að eins boðið sem ráðherra, að slík rannsókn skyldi hafin samkvæmt tilmælum eins af undirdómurum landsins. Yfirdómurinn fær eigi séð, að framantalin afskifti, er varadómariinn hefir haft af áfrýjanda sem embættismaður, geti gert hann óhæfan sem dómara í máli þessu, og verður nefnd krafa því eigi tekin til greina.

Áfrýjandi krefst, eins og áður getur, að stefndi verði dæmdur til að sæta refsingu fyrir það, að hann hafi nefnt nafn óstefnds þriðja manns (ó: áfrýjanda) í forsendum landsyfírréttardóms 13. ágúst 1917, og

fyrir það að sum þeirra ummæla, er í forsendum dómsins standa og áfrýjanda varða eða hann telur sig varða, sé ærumeiðandi og auk þess að ummæli þessi verði dæmd dauð og ómerk. Öll hin umstefndu ummæli í forsendum yfirréttardómsins 13. ágúst eru þáttur í lýsingu hans á tilorðning og forlögum þess skjals, er réttarrannsóknin og skaðabótamálið var út af risið, og að áliti dómarsins, stefnda í máli þessu, nauðsynlegt atriði til þess að rökstyðja þá niðurstöðu, er komist er að í téðum dómi. Dómur um það, hvort stefndi skuli sæta refsingu, embættismissi eða sektum fyrir það að hann hefir haft umstefnd ummæli í forsendum dómsins, er gera verður ráð fyrir að enn þá standi óraskaður, og um ómerkingu þessara ummæla, hlyti að byggjast á mati því, hvort stefndi hefði að lögum eða að ólögum farið með dómsvald sitt í nefndu skaðabótamáli. En slíkt mat eða dóm til ábyrgðar á hendur stefnda út af dómarsstarfi hans í yfirdóminum, er óæðri eða hliðsettur dómstóll eigi bær að upp kveða í slíku máli sem því er hér liggur fyrir. Verður því að fallast á þá niðurstöðu bæjarþingsdómsins, að málinu skyldi ex officio vísað frá bæjarþinginu.

Ákvæði hins áfrýjanda dóms um sekt á hendur áfrýjanda fyrir ósæmilegan rithátt ber og að staðfesta, svo og málskostnaðarákvæði hans.

Þar á móti virðist eigi alveg næg ástæða til að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa þrætu, og ber því að fella ákvæði hins áfrýjanda dóms þar um úr gildi.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að áfrýj-

andi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Áfrýjandi hefir haft mjög ósæmileg ummæli um yfirdóminn og hina reglulegu yfirdómara í sóknarskjali sinu fyrir yfirdómi, svo og um undirdómarann og jafnvel um dómgæzlu í landinu yfirleitt. Um yfirdómarana segir hann, að þeir muni eigi víkja sæti í máli þessu, »þar sem þeir hingað til hafi verið furðu þaulsætnir í málum mínum (þ: áfrýjanda), enda þótt eg hafi átt í dómsmálum við þá, og þeir haft mig undir sakamálskæru, sem þeir ef til vill hafa haft til hliðsjónar við uppsögn dómanna«. Segir áfrýjandi að forsendur bæjarþingdómsins minni sig »svo átakanlega á orð sem eg (þ: áfrýjandi) heyrði hálfvitlausan flökkukarl segja« o. s. frv. Svo segir áfrýjandi að undirdómarinn hafi »æ ofan í æ leyft sér að fara ofan í niðurlag dóma yfirréttarins — sem og yfirrétturinn hefir talið honum heimilt — án þess að depla með augunum« o. s. frv. Fyrir þessi og ýms önnur ummæli í sóknarskjali áfrýjanda fyrir yfirdómi ber að sekta hann, og er sektin ákveðin 50 kr., er að hálfu renni í landssjóð og að hálfu í bæjar-sjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að ákvæði hans um sekt fyrir óþarfa þrætu falli brott. Áfrýjandi Björn Gíslason greiði sekt, 50 kr., er renni að hálfu í landssjóð og að hálfu

í bæjarsjóð Reykjavíkurkaupstaðar. Svo greiðir áfrýjandi stefnda, Eggert Briem yfirdómara, 20 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. september 1918.

Nr. 35/1918.

Björn Gíslason

gegn

Halldóri Danielssyni yfirdómara.

D ó m u r :

Í forsendum að dómi landsyfirréttar, uppkveðnum 13. ágúst 1917, er meðal annars komist svo að orði: »tók Björn Gíslason (e: áfrýjandi þessa máls) frá Stokkseyri við bréfinu og fór með það til Reykjavíkur«. »Lét Björn Gíslason þá taka vélritað afrit af bréfinu og fóru þeir síðan báðir Björn og,« »Fóru þeir Björn Gíslason og stefnandi síðan með bréfið til hreppstjórans í Gaulverjabæjarhreppi og fengu hann, sem þó ekki hafði verið viðstaddur undirskriftir ábyrgðarmannanna, til að votta að þær væru réttar,« »Björn Gíslason síðar lét vélrita, hefir bréf þetta ekki komið fram við réttarrannsóknina, en virðist hafa glatast úr vörzlu Björns Gíslasonar,« og enn fremur: »og loksins fékk hann hlutaðeigandi hreppstjóra til að rita langt vottorð á síðara bréfið«. — Mál það er